

FUNDARGERÐ

169. stjórnarfundur KRAFT

169. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 26. september 2024, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Aron Ingi, Kristleifur, Lára og Laufey
Gestur : Róbert Kjara formaður landsliðsnefndar gestur í lið 2.
Fjarverandi: María
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt

2. LÁGMÖRK

Róbert formaður landsliðsnefndar fór yfir hvernig lágmörkin voru unnin. Fundið var meðaltal fimmtán efstu á helstu mótum síðustu þriggja ára. Þetta var gert fyrir hvern þyngdarflokk og fyrir þriggja lyftu klassík / búnað og þp klassík /búnað. Umræða um mismunandi mót og mikilvægi þess að senda mögulega keppendur sem „Wild Card“ þó að viðkomandi er ekki með lágmörk. Skoða betur útfærslu eftir HM í búnaði.

Stjórn samþykkti samhljóða. Birta strax á heimasíðu og miðlum.

Róbert yfirgaf fundinn.

3. MÓTASKRÁ

Þórunn fór yfir mótaskrá. Umræða um nokkrar breytingar. Þórunn sendir tillögur að breytingu á mótanefnd.

Stjórn samþykkti samhljóða með fyrirvara um samþykki mótanefndar við breytingum sem komu á stjórnarfundum.

4. ASJ

Hinrik, Aron Ingi og Auðunn eru að vinna að umsókn fyrir næsta árið. Í frh. af þeirri vinnu þarf að uppfæra afreksstefna á næsta ári.

5. UNDIRBÚNINGUR HM Í BÚNAÐI

Undirbúningur gengur vel. Í næstu viku verður fundur skipulagsnefndar og hluta stjórnar KRAFT. M.a. verður rætt á þeim fundi um skipulagningu á sjálfboðaliðastarfi.

6. RÚSSAR OG HVÍT-RÚSSAR Á HM

IPF sendi frá sér bréf um samþykki stjórnar IPF að Rússar og Hvít-Rússar taki þátt í HM í búnaði. Ekki eru öll lönd innan IPF samþykkt þessari ákvörðun stjórnar og barst í framhaldi af bréfinu harðort bréf frá Norska kraftlyftingasambandinu þar sem þessu var mótmælt. Sama gildir um samböndin á hinum Norðurlöndunum. Stjórn ræddi og var stjórn sammála hinum nágrannalöndunum. Þátttaka Rússa og Hvít-Rússa var ekki ljós þegar Ísland samþykkti að skipuleggja HM í búnaði.

Vegabréfsáritanir fyrir keppendur frá Rússlandi og Hvít-Rússlandi eru fastar í skrifinnsku og lítil eða engin viðbrögð við fyrirspurnum KRAFT til Utanríkisráðuneytisins.

7. AUKAÞING EPF

Aukaþing EPF verður haldið á EM unglunga og eru það viðbrögð stjórnar EPF eftir að NPF blokkeraði EPF á síðasta þingi að breyta regluverkinu og færa völd þingsins (að geta breytt lögnum) til framkvæmdastjórnar eins og komst í gegn hjá IPF í COVID. Búið að gera málamiðlun sem verður tekin fyrir á þinginu.

8. NÝLIÐIN MÓT

HM UNGLINGA

Máni Freyr Helgason - 83kg - 21. sæti

HB 232,5 kg - BP 167,5 kg (pb +2,5 kg) - DL 280 kg - Total 680 kg

Alvar Logi Helgason - 105 kg - 24. sæti

HB 255 kg (pb +5 kg) - BP 170 kg (ÍM unglunga) - DL 280 kg (pb +10 kg) - Total 705 kg

Kolbrún Katla Jónsdóttir - +84 kg - 6. sæti

HB 217,5 kg (ÍM unglunga og opinn) - BP 92,5 kg (pb +2,5kg) - DL 190 kg - Total 500 kg

Hinrik fór yfir mótið, flottur hópur og frábær andi í hópnum.

V-EVRÓPUMÓTIÐ

Þorbjörg Matthíasdóttir - +84 kg - 2. sæti

HB 185 kg (brons) - BP 102,5 kg (silfur og pb +2,5 kg) - DL 192,5 kg (silfur) - Total 480 kg (silfur)

Arna Ösp Gunnarsdóttir - 69 kg - 6. sæti

HB 157,5 kg (ÍM og pb +2,5 kg) - BP 90 kg - 175 kg - Total 422,5 kg

Þorbjörg og Arna áttu flott mót. B

Birgit Rós Becker fór út sem þjálfari.

NM UNGLINGA

Auðunn renndi yfir mótið. Þetta var hörku hópur, 20 keppendur. 6 aðstoðarmenn og 2 dómara.

Heilt yfir náði allir góðu gengi. Mikil samstaða og gleði.

6 verðlaun heim. einn setti NM met í bp, enginn féll úr keppni.

Enginn óánægður. sumir á pari en heilt yfir mjög flott.

9. MÓT FRAMUNDAN

EM unglunga, HM öldunga og svo auðvitað HM í búnaði.

Íslensku alþjóðadómaraþingarnir þurfa að skila inn hvenær þeir geta dæmt. Laufey sendir á facebook.

Auglýsa ÍM og Bikarmót í bp í búnaði - María setur á heimasíðu.

10. FORMANNAFUNDUR

Stjórn samþykkti að formannfundur verður fimmtudaginn 28. nóvember kl.17.00. Lára bókar sal ÍSÍ. Athuga dagsetningar á auglýsingum fundar.

11. ÖNNUR MÁL

Umræða um fatastyrk til alþjóðadómara.

Laufey sendir á dómaranefndina með byrjenda- og dómarapróf sem eru hugsuð tvisvar á næsta ári.

12. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

13. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.20